

Nafn skóla
Haustönn 2026

Geirfuglinn

Nafn nemanda
Kennitala
Áfangi
Kennari: Nafn kennara

Á síðustu áratugum hefur náttúruvernd vaxið fiskur um hrygg og víða um heim er lögð áhersla á að koma í veg fyrir að jurta- og dýrategundir deyi út. Í Afríku hafa kjörlendi margra dýra minnkað og verðmæt fílabein og nashyrningahorn hafa valdið snarfækkun í stofnum þeirra. Í Asíu hefur verið þrengt að rándýrum af kattaætt og á norðurslóðum hafa hvalveiðar lengi verið deiluefni. Samkeppni við manninn, ásamt nytjum sem af dýrum má hafa, hefur sett fjölmargar tegundir í hættu. Ofveiði er ekki ný af nálinni og á nítjándu öld gerðu Íslendingar sig seka um að veiða síðustu geirfuglana, sem voru eftirsóttir vegna verðmætra afurða og urðu að lokum undir í ásókn manna.

Geirfuglinn tilheyrði svartfuglaætt og var, ólíkt öðrum svartfuglum, gríðarstór. „Geirfuglinn náði meðalmanni í mjöðm og var á þyngd við villigæs.“ (Íslenskir sagnabættir III, 1984, bls. 143). Hann var ófleygur en vængir hans nýttust við köfun. Hann verpti einu eggjum á bert grjóti og talið er að ungin hafi verið mun skemur á varpstað en ungar annarra svartfugla, eða aðeins um níu daga. Líklegt er að geirfuglar hafi orðið kynþroska fjögurra til sjö ára og lifað um tuttugu og fimm ár, sem er styttra en flestir svartfuglar sem geta náð þrjátíu til fjörutíu ára aldri. Fuglarnir dvöldu á varpstað í tvo mánuði á ári (Ævar Petersen, 1995, bls. 54) eða jafnvel aðeins einn mánuð, en hina ellefu klufu þeir öldur úthafsins. Heimkynni geirfuglsins voru bundin við norðanvert Atlantshafið og hann hélt sig hvergi norðar en við Ísland. Óvíst er hvar íslensku geirfuglarnir dvöldu utan varptímans, en talið er að þeir hafi leitað til Suðvestur-Grænlands og Bretlandseyja. Þeir lágu því vel við veiðum þeirra þjóða sem bjuggu við norðanvert Atlantshaf.

Þótt síðustu geirfuglarnir hafi verið veiddir á Íslandi áttu Íslendingar ekki stærstan þátt í útrýmingu tegundarinnar. Franskir sjómenn veiddu fuglinn sér til matar við Nýfundnaland allt frá sextándu öld og treystu jafnvel á hann sem helstu fæðu.

Stofninn hélst þó nokkuð stöðugur þar til í lok átjándu aldar þegar farið var að sækjast eftir fiðri fuglsins og bræða hann í lýsi. Tegundin varð aldauða við Nýfundnaland um 1800 og tuttugu árum síðar í Orkneyjum og Færeyjum. Íslenski stofninn var aldrei stór og stærsta varpið var í Geirfuglaskeri undan Reykjanesi, sem þá var eina geirfuglabyggðin sem nokkuð kvað að í heiminum (Örnólfur Thorlacius, 1998, bls. 423). Líklegt er að rányrkja hafi verið stunduð þar um aldir. Bretar og Færeyingar hjálpuðu Íslendingum við útrýmingu geirfuglsins með ránsferðum til skersins árin 1808 og 1813 (Ævar Petersen, 1995, bls. 57). Þann 3. júní 1844 veiddu Íslendingar tvo síðustu geirfuglana sem vitað er um, í Eldey.

„Á syllunni fyrir neðan bjargið sáu þeir margt af svartfugli og innan um þá skáru tveir geirfuglar sig úr. Þeir hlaupa þegar upp og geirfuglarnir runnu á undan þeim meðfram bjarginu álíka hratt og gangandi maður...” (Íslenskir sagnþættir III, 1984, bls. 146). Eitt geirfuglsegg lá á berum klettinum. Þrátt fyrir sögusagnir um geirfugla á Grænlandi allt til 1960 má telja víst að dagar geirfuglsins hafi verið taldir (Wikipedia, 2011).

Útrýming geirfuglsins er ljótur blettur á sögu Íslendinga og annarra þjóða við norðanvert Atlantshaf. Fyrir sjómenn sem sigldu langar leiðir til veiða var hann mikilvæg fæða og síðar urðu aðrar verðmætar afurðir, eins og lýsi og fiður, til þess að skefjalaus rányrkja hófst. Þó að íslenski stofninn hafi ekki verið stór áttu Íslendingar sinn þátt í útrýmingu tegundarinnar með veiðum um aldir. Veiðin á tveimur síðustu fuglunum hafði líklega engin úrslitaáhrif á framtíð geirfuglsins, en er táknræn fyrir áhugaleysi á fuglavernd og áherslu á fæðuöflun og gróða.

Setjið dagsetninguna í dag hér

Setjið nafnið ykkar hér

Heimildaskrá

Geirfugl. (2019). *Wikipedia. Frjálsa alfræðiritið*. <http://is.wikipedia.org/wiki/Geirfugl>

Íslenskir sagnabættir III. (1984). *Síðasti geirfuglinn* (bls. 142–146). Gunnar S. Þorleifsson safnaði. Bókaútgáfan Hildur.

Ævar Petersen. (1995). *Brot úr sögu geirfuglsins*. Náttúrufræðingurinn, 66, 53–66.

Örnólfur Thorlacius. (1998). *Geirfuglinn. Lífshættir og afdrif. Þjóðlíf og þjóðtrú. Ritgerðir helgaðar Jóni Hnefli Aðalsteinssyni. Þjóðsaga*.

Heimildaskrá

- Geirfugl. (2019). *Wikipedia. Frjálsa alfræðiritið*. <http://is.wikipedia.org/wiki/Geirfugl>
- Íslenskir sagnabættir* III. (1984). Síðasti geirfuglinn (bls. 142–146). Gunnar S. Þorleifsson safnaði. Bókaútgáfan Hildur.
- Ævar Petersen. (1995). Brot úr sögu geirfuglsins. *Náttúrufræðingurinn*, 66, 53–66.
- Örnólfur Thorlacius. (1998). Geirfuglinn. Lífshættir og afdrif. *Þjóðlíf og þjóðtrú. Ritgerðir helgaðar Jóni Hnefli Aðalsteinssyni*. Þjóðsaga.